Hlíðaskóli
Ábyrgð - Vinsemd - Virðing

Íslenska – 4.bekkur – 2025-2026

Kennarar:Ásthildur S.Þorsteinsdóttir, Elsa Ísberg, Erla Rún Jónsdóttir og G.Eygló Bergþórsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.
Íslenska er kennd í 8 kennslustundir í viku, 40 mínútur í senn. Tímabil námsáætlunarinnar nær yfir allt skólaárið
Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?
Lestur og lesskilningur á mismunandi tegundum texta, bókmenntir og fræðitexti. Lestur á bæði rafrænum og prentuðum texta. Ýmis málfræðiatriði og stafsetningarreglur svo sem: Sagnorð, nafnorð (kyn, eintala og fleirtala, sérnöfn og samnöfn) Lýsingarorð (stigbreyting) Ýmsar stafsetningarreglur svo sem: Sérhljóðar, samhljóðar, stór og lítill stafur, -ng og -nk reglan, eitt -n eða tvö-nn Réttritun og stafsetning.
Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?
Lesrún Ritrún Ýmis gæðatexti, svo sem fræðitexti, skáldsögur, ljóð og fleira (Myrkfælna uglan, Náttúran allan ársins hring, Mjallhvít o.fl.) Halló heimur 2 og 3 Góður, betri, bestur (skrift) Ýmis ritunarverkefni (sögubók og stílabók)
Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum
Kveikja, innlögn kennara, sjálfstæð vinna, námsfélagavinna, hópvinna.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?
Leiðsagnarmat og sjálfsmat nemenda. Stöðluð stafsetningarpróf og lesskilningspróf. Lestrarpróf þrisvar á ári. Matsferill í lesskilningi. Námsmat birtist foreldrum jafnóðum á Mentor.
Viðmið úr námskrá
Að nemandi geti: ● beitt skýrum og áheyrilegum framburði, getur tjáð sig fyrir framan hóp og staðið fyrir máli sínu. ● skilið augljós efnisatriði valinna texta, beitt góðum orðaforða,valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni. ● beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir (tími, sögupersónur, umhverfi o.fl.) ● dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega – og á lyklaborð. ● beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu (punktur, komma, spurningarmerki). ● búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar. ● áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorð, lýsingarorða og sagnorða. ● raðað í stafrófsröð og áttað sig á notagildi þess við leit og skipulag.